

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 345. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 11. maí 2021 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2020. Seinni umræða. Endurskoðendur mæta á fundinn.
- 2) Ungmennaráð Snæfellsbæjar mætir á fundinn kl. 16:30
- 3) Fundargerðir ungmannaráðs, dags. 20. janúar og 14. mars 2021.
- 4) Fundargerð 91. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 2. febrúar 2021.
- 5) Fundargerð öldungaráðs, dags. 21. apríl 2021.
- 6) Fundargerð 148. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 6. maí 2021.
- 7) Fundargerð 193. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 4. maí 2021.
- 8) Fundargerðir 189. og 190. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 7. apríl og 12. apríl 2021.
- 9) Fundargerð 167. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 5. maí 2021, ásamt samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.
- 10) Fundargerð 897. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. apríl 2021.
- 11) Fundarboð á XXXVI landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. maí 2021.
- 12) Fundarboð aðalfundar Landskerfis bókasafna, dags. 19. maí 2021.
- 13) Bréf frá eigendum við Hafnargötu 2, dags. 1. maí 2021, varðandi ósk um malbikun fyrir framan skúrana við Hafnargötu 2.
- 14) Bréf frá Elvu Hreiðarsdóttur, dags. 26. apríl 2021, varðandi ósk um styrk til að niðurgreiða námskeiðsgjald fyrir myndlistarnámskeið barna og unglina sumarið 2021.
- 15) Bréf frá Búnaðarfélagi Staðarsveitar, dags. 29. apríl 2021, varðandi endurtekningu á umhverfisverkefni sumarið 2021.
- 16) Bréf frá Ragnheiði Víglandsdóttur, dags. 29. apríl 2021, varðandi listaverk frá Ríkeyju Ingimundardóttur.
- 17) Bréf frá Sigrúnu H Guðmundsdóttur, dags. 15. apríl 2021, varðandi ósk um aukafjárveitingu til að endurnýja kæliskápa fyrir félagsheimilið og skólann á Lýsuhóli.
- 18) Bréf frá Ásu Gunnarsdóttur, dags. 27. apríl 2021, varðandi úrsögn úr íþrótt- og æskulýðsnefnd.
- 19) Bréf frá Ingibjörgu ehf., dags. 23. apríl 2021, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að Ingibjörgh SH-174 skskrnr. 2624.
- 20) Samkomulag um breytingu á samningi milli Sjúkratrygginga Íslands og Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars, dags. 26. mars 2021.
- 21) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 13. apríl 2021, varðandi fjármál sveitarfélaga.
- 22) Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 28. apríl 2021, varðandi Breiðafjarðarnefnd.
- 23) Drög að reglum um skólaakstur í dreifbýli á skólasvæði Grunnskóla Snæfellsbæjar.
- 24) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 7. maí 2021
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Fundur 20. Janúar 2021

Mæting: Minela, Björg Eva, Laufey Helga

Umræðuefni:

- Valið formann og ritara (Minela og Margret)
- Rætt var erindisblað
- Áhugi til þess að funda við bæjarstjórn og kynna málefni og okkar plön
- Páskabingó? Rafrænt?
- Fá íþróttahúsið fyrir krakka og unglings og hafa t.d sokkabolta eða körfubolta, halda kanski upp á smá mótt allt að 20 manns.
- Sumarið í tröð, þar sem að það gekk ekki upp sumarið 2020
- Fyrirlestrar í grunnskóla
- Hafa fund fljótlega þar sem að mætingin var ekki góð

Fundur 1.mars 2021

Fundur haldinn í íþróttahúsínu í Ólafsvík

Mæting: Minela, Margret, Mónika, Laufey Helga, Davíð Svanur og Anel

Umræðuefni:

- Lækkað aldur fyrir kosningar – má kjósa þegar maður er orðinn 18 ára.
Senda á þau hvort við séum með einhverja skoðun á þessu (skila 15.mars)
- Páskabingó?
- Hafa samband við fyrirtæki og fá nokkur páskaeegg (Kassinn, ÓK, Olís, N1)
- Síðustu vikuna í mars
- Ísleikar, bjóða 10. Bekk á nesinu og fleirum
 - Bæjarstjórn
- Hrósar með völlinn
- Láta ljósin vera lengur kveikt á vellinum, þar sem að litlu krakkarnir eru farnir þegar útvistartíminn þeirra er búinn, og þá vilja unglingarnir völlið fyrir þau sjálf.
- Skoða veginn á eninnu
- Hrósar fyrir stíginn frá Ólafsvík til Rif
- Vegurinn í Grundarbrautinni (brekkan) sprungin
- Gangstéttir sprungnar
- Lengja opnunartíma í sundlauginni.

Fundur 14.mars 2021

Fundurinn var haldinn í íþróttahúsinu í Ólafsvík

Mæting: Margret, Björg Eva, Anel, Minela, Laufey Helga

Umræðuefni:

- 8. Apríl bæjarstjórnarfundur
- Fá styrki fyrir bingó
- Bjóða Grunnskólanum í páska bingó. Vera með það í Íþróttahúsinu og leyfa þeim að taka + 1 með.
- Borga þá inn?
- 29. Mars laugardagur kl ? í Íþróttahúsinu í Ólafsvík, draga stúkuna út og allir verða í stúkuni en við í ungmannaráðinu verðum á gólfínu. Reyna að hafa góða stemmningu þegar þetta er að byrja til dæmis góð tónlist.

Bæjarstjórnarsþurningar

- Sundlaugin opin lengur
- Lýsingin á litla vellinum lýsa lengur
- Í staðinn fyrir að hafa venjuleg ljós í ljósastaurum fá sólarorku ljósastaura, betra fyrir náttúruna.
- Bæta svo við fleiri.....

Fundur var haldinn í íþróttahúsi Snæfellsbæjar miðvikudaginn 02. febrúar 2021 kl: 20:00

Á fundinn mættu:

Laufey Helga Árnadóttir
Atli Már Gunnarsson
Daði Rúnar Einarsson
Brynja Mjöll Ólafsdóttir
Adam Geir Gústafsson
Ása Gunnarsdóttir

Fyrsta mál á dagskrá: Kosning formanns

Þar sem Rán er hætt sem formaður vegna flutninga þarf að kjósa nýjan formann. Brynja Mjöll kemur inn í staðin fyrir Rán og hún tilnefnir Atla Má sem nýjan formann og nefndin samþykkir það.

Annað mál á dagskrá: Fundargerð ungmennaráðs

Fundargerð frá nýju ungmennaráði rædd og samþykkt. Rætt um mögulegan stað fyrir krakka á framhaldsskólaaldri til að hittast. Stungið upp á opnu húsi, svipað fyrirkomulag eins og í Stykkishólmi (í félagsmiðstöðinni þar).

Þriðja mál á dagskrá: Málefni félagsmiðstöðvar

Pétur Steinar sem ráðinn var í haust er hættur í félagsmiðstöðinni. Birgir Vilhjálmsson var ráðinn í stað hans. Ungmennaráð kom með þá hugmynd að fá félagsmiðstöðina með í leigja tölvur fyrir rafíþróttadeild sem á að að stofna. Rætt um nýja staðsetningu félagsmiðstöðvarinnar og ákveðið að hittast öll í nýja húsnæðinu til að skoða og ákveða uppsætingu/útlit.

Fjórða mál á dagskrá: Heilsuvika

Viljum færa heilsuvikuna þar til í haust, bæði vegna Covid ástands og við teljum það almennt vera hentugri tími. Það er möguleiki á að fá rafræna fyrirlestra og uppákomur núna í vor en ekki talið spennandi. Stefnum á að fá fyrirtæki í Snæfellsbæ til að taka virkan þátt í dagskránni í haust. Fá heilsufarsmælingar inn næsta haust.

Stefnt á að hafa heilsuátak í mars sem væri einstaklingsmiðað. Vinsælasta hugmyndin sem kom upp var að hafa frítt í sund í mars og hafa "sundkeppni" milli íbúa.

Fundi slitið kl: 21:40

Fundur í Öldungaráði Snæfellsbæjar þann 21. apríl 2021
Haldin í Ráhúsi Snæfellsbæjar kl 15,00. Fundur no 11 frá upphafi.

Mættir voru: Jón Guðmundsson, Jóhanna Gunnarsdóttir, Péter Steinar Jóhannsson og Erla Laxdal formaður nefndarinnar

Formaður bauð fundarmenn velkomna á firsta fund ársins 2021

Mál no 1: Um hreinsun á lóða

Á ágætum fundi í Klifi hjá félagi eldriborgra í mars sl urðu ma umræður um hreinsun lóða þe slátt og tiltekt. Þetta mál var tekið fyrir á fundi Öldungaráðs í dag og það rætt. Eftir farandi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

Öldungaráð Snæfellsbæjar samþykkir að beina því til bæjarstjórnar að þeir eldri borgarar og öryrkjar sem þess óska fái flokk eldri unglings sem eru í sumar bæjarvinnunni til að hreinsa lóðir viðkomandi þe blómabeð og runna og verði það án endurgjalds.

Greinargerð: Nauðsynlegt væri að þetta yrði gert í amk tvö skipti þe fyrst á vorin/júní og svo einu sinni til tvisvar yfir sumarið. Eldri borgarar og öryrkjar myndu þá sækja um til Snæfellsbæjar og vinnan yrði gerð í samvinnu við þá. Þetta yrði undir stjórn Stefáns Jónssonar garðyrkjustjóra í Snæfellsbæjar.

Þetta yrði mikil hjálp fyrir þá sem þurfa á því að halda. Alltaf er verið að tala um að gera þessum hóp auðveldara til að búa lengur heima. Svona hreinsun og þrif getur verið erfið þeim sem ekki geta og fólk því ánægt að líta yfir flottan garðin sinn að verki loknu. Öldungaráð þakkar góða undirtektir Snæfellsbæjar við sláttin sl ár og viljum við taka fram að mikil ánægja hefur verið sláttinn síðast liðin ár.

Mál no 2: Íbúðamál eldri borgara í Snæfellsbæ

Eftirfarandi var samþykkt eftir umræður með öllum greiddum atkvæðum:

Öldungaráð Snæfellsbæjar vill hvetja Bæjarstjórn Snæfellsbæjar til að láta verða af því sem first að byggja tvö tveggja til þriggja íbúða parhús/raðhús. Yrði annað þeirra staðsett í Ólafsvík og hitt á Hellissandi.

Greinargerð: Öldungaráð hefur rætt um þessi mál í tvö ár á sínum fundum og finnst nú komið til að framkvæma. Mikil vontun er orðið á minna íbúðarhúsnæði fyrir eldri borgara í Snæfellsbæ. Margir þeirra eru með stórar eignir eins og áður hefur komið fram á fundi Öldungaráðs. Viljum við benda á parhúsin tvö sem eru við Engihlíð í Ólafsvík og eru góð fyrirmund sem myndi henta.

Benda má að byðlisti er eftir að komast í þau. Við byggingu húsana myndi losna um fyrir yngra fólk með fjölskyldur til flytja sig í stærra húsnæði.

Mál no 3: Sundleikfimi eldri borgara í SNB

Öldungaráð Snæfellsbæjar vill koma á framfæri þökkum til Bryndísar Kristjánsdóttur fyrir þann tíma sem hún hafði umsjón með sundleikfimi fyrir eldri borgara í Snæfellsbæ. Jafnframt er nýrri umsjónarkonu Helenu Billington óskað alls hins besta í starfinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15,50.

Fundargerð ritaði Pétur Steinar Jóhannsson

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 148148. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 6. maí 2021
og hófst hann kl. 09:30.**

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Kristjana Hermannsdóttir og Stefán Jónsson.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. DSK_Brekkan - Deiliskipulagsbreyting - 2102011

Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnir drög að breyttu skipulagi fyrir Brekkuna. Erindið var kynnt bæjarstjórn sem lagði áherslu á að landmótun lóðar yrði á kostnað lóðarhafa í samráði við Snæfellsbæ. Jafntframt lagði bæjarstjórn áherslu á að möguleiki væri á byggingu parhúsa.

Breytingin felst í því að lóðum yrði fækkað úr 19 í 11 lóðir.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir skipulagstillögu og vísar því í lögboðið ferli.
Samþykkt*

2. Grundarbraut 1_Umsókn um byggingarleyfi fyrir bílgeymslu - 2002004

Málið er tekið upp að nýju en því var frestað vegna lóðamál aðliggjandi lóðar við Grundarbraut 1.

Sigurður Jónsson sækir fyrir hönd Hempils ehf. um leyfi til að byggja 24 fm bílageymslu við Grundarbraut 1 í Ólafsvík. Jafnframt er óskað eftir stækkan á lóð Jónshúss í samræmi við uppdráttinn.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel í erindið og felur tæknideild að útfæra stækkan á lóð.

Jákvætt

777

3. Fossabrekka 3_Umsókn um byggingarlóð og byggingarleyfi - 2011008

Jón Tryggvason sækir um byggingarleyfi fyrir 224,2 fm einbýlishúsi úr timbri að Fossabrekku 3.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki deiliskipulags.

Samþykkt

NK
MK
B

4. Sandholt 20_Umsókn um byggingarleyfi v. gluggaskipta - 2103028

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Hafdís Rán Brynjarsdóttir sendir inn frekari teikningar af gluggum eins og beðið var um á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar nr. 147.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

5. Grundarbraut 30 - Umsókn um leyfi fyrir breytingum utanhúss - 2105005

Björn Haraldur Hilmarsson óskar eftir leyfi fyrir því að klæða hús sitt að Grundarbraut 30 með steinflísum (30x60). Einnig óskar hann eftir því að fá að stækka bílskúrshurð um 20 cm á breidd og loka glugga á framhlið. Sjá meðfylgjandi mynd.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

6. Klifbrekka 6a_Umsókn um byggingarleyfi fyrir smávægilegum útlitsbreytingum - 2105010

Karl Pétursson sendir inn ný gögn vegna minniháttar breytinga á teikningum Klifbrekku 6a, Ólafsvík. Breytingarnar sem um ræðir er textabreyting á teikningu úr "timburklæddu" í "bárujárnsklætt". Að auki er hætt við svokallað bíslag og teiknaður frístandandi veggur í staðinn.

Við svokallað gestahús er gerð breyting á últiti til samræmis við núverandi hús. Í því fellst aðallega gluggaásýnd. Breytingin á við allar hliðar nema suðurhlíð hússins. Örlítil stækkan á húsinu varð óhjákvæmileg vegna þessara gluggabreytinga. Einnig var teiknaður frístandnandi veggur þar til samræmis við núverandi hús.

Illugi víkur affundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Illugi kemur inn.

Samþykkt

7. Sandholt 22_Umsókn um leyfi fyrir breytingum á gluggum og þakkanti - 2105011

Jóhannes Ólafsson óskar eftir leyfi fyrir nýjum þakkanti og að skipta út þremur gluggum að Sandholti 22, Ólafsvík. Sjá meðfylgjandi mynd og teikningar.

Kristjana víkur affundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Kristjana kemur inn.

Samþykkt

8. Hafnargata 8_Umsókn um byggingarleyfi fyrir klæðningu - 2105013

Alexander Kristinsson sækir um fyrir hönd Sjávariðjunnar Rifi um leyfi fyrir nýrri klæðningu að Hafnargötu 8. Sett verður liggjandi hvít bára.

Halldór víkur affundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

777

AK

M.K

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Halldór kemur inn.

Samþykkt

9. Vallholt 26_Umsókn um byggingarleyfi fyrir tveimur nýjum útsýnisgluggum - 2105016

Magnús Darri Sigurðsson sækir um leyfi fyrir breytingum á húsinu. Breytingin er á þann veg að tveir útsýnisgluggar verða settir í norður- og austurátt. Sjá meðfylgjandi teikningu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

10. Hjarðartún 12_Umsókn um byggingarleyfi vegna skiptingar á fasteign í tvær fasteignir - 2104004

Óskað er eftir samþykkir á innlögðum teikningum en húsinu verður skipt í tvær fasteignir eftir og neðri hæð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

11. Ólafsbraut_Umsókn um framkvæmdarleyfi vegna bættra sjóvarna - 2105012

Vegagerðin sækir um framkvæmdarleyfi til þess að endurbýggja, styrkja og hækka sjóvarnir við Ólafsbraut á um 237 m kafla. Sjá meðfylgjandi teikningu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

12. Háarif 13-15_Umsókn um leyfi fyrir bílastæði norðan götu - 2105014

Hjálmar Kristjánsson sækir fyrir hönd KG Fiskverkun um leyfi til að setja 30x7 m bílastæði norðan við Háarif 13 og 15. Sjá meðfylgjandi teikningu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

13. Tjörnin við Rif_Minningarbekkur - 2105015

Þorbjörg Alexandersdóttir og Kristinn J. Firðþjófsson sækja um leyfi fyrir því að setja hvíldarbekk úr granít við göngustig sem er meðfram tjörninni á Rifi. Einnig hafa þau áhuga á því að helluleggja smá reit undir og í kringum bekkinn. Aðstandendur tveggja sjö ára drengja, Bergþórs og Friðjófs Halldórs sem drukknuðu í tjörninni fyrir frimmtíu árum þann 4. júlí 1971, framkvæma þetta í minningu þeirra.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

777

14. Grundarslóð 12_Umsókn um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2105006

Axel Már sækir um fyrir hönd Útvarar ehf um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi á Grundarslóð 12 vegna strandveiða sumarið 2021.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi sumarið 2021. Nefndin bendir á að hafa þarf gott bil á milli hjólhýsa vegna brunavarna.

Samþykkt

KA

M/K

SS

15. Grundarslóð 12_Umsókn um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2105007

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Magnús Ólafsson sækir um stöðuleyfi fyrir hjólýsi sumarið 2021 vegna útgerðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi sumarið 2021. Nefndin bendir á að hafa þarf gott bil á milli hjólhýsa vegna brunavarna.

Samþykkt

16. Grundarslóð 12_Ragnar Guðmundsson sækir um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2105008

Ragnar Guðmundsson sækir um stöðuleyfi fyrir hjólýsi sumarið 2021 vegna útgerðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi sumarið 2021. Nefndin bendir á að hafa þarf gott bil á milli hjólhýsa vegna brunavarna.

Samþykkt

17. Grundarslóð 12_Sveinn Björgvinsson sækir um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2105009

Sveinn Björgvinsson sækir fyrir hönd Traveller slf um stöðuleyfi að Grundarslóð 12 fyrir hjólýsi sumarið 2021 vegna strandveiða.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi sumarið 2021. Nefndin bendir á að hafa þarf gott bil á milli hjólhýsa vegna brunavarna.

Samþykkt

18. Stöðuleyfi_Umsókn um leyfi fyrir fjölmíðlagám fyrir sumarið 2021 - 2105017

Þorsteinn Haukur Harðarson sækir fyrir hönd Víkings Ólafsvík um leyfi fyrir því að fjölmíðlagámur verið settur niður fyrir Víking Ö. sumarið 2021 milli varamannaskýlanna við Bæjartúnið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar umsókn um gám og vill, í samstarfi við Víking, finna aðra lausn á málín.

Hafnað

19. Umsókn um vindmyllu - 2105018

Agnar Gestsson óskar eftir afstöðu nefndarinnar ef upp yrði sett vindmylla á Lysuhóli.

Hæð vindmyllu er 30 metrar og þvermál spaða er 20 metrar. Hámarksafköst vindmyllunnar er 100 KW.

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestrar málín og óskar eftir að bæjarstjórn taki það sérstaklega til skoðunar.

Frestað

777

KK.

20. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2021 - 2101004

Rætt var um númerslausa bíla og fá heilbrigðiseftirlitið til að fara um bæjarfélagið.

HJK.

Grundarbraut 6B fyrirspurn um stækjun á bílskúr
- Nefndin tók vel í erindið

Rætt um Hellisbraut 20, umhirðu og eldvarnir. Nefndin fer fram á að húsið verði skoðað af byggingarfulltrúa og eldvarnaeftirliti Snæfellsbæjar.

Rætt um íbúafund á Hellnum

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:15.

Fleugjum Jem Támasen
Kishnæfðurmanns Ó.

Hallður Þórisson

DR



FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

Fundargerð 193. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

Opinber útgáfa!

Fundarstaður: Fundarstaður: „Teams-fjarfundarbúnaður“
Dagsetning: þriðjudagur 4. maí, 2021 kl. 16.30

Mættir: Eygló Bára Jónsdóttir, Hermína Kristín Lárusdóttir, Birta Antonsdóttir, formaður,
Sigrún Þórdardóttir, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir,
yfirlégsráðgjafi FSS og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

Dagskrá: **Meðferð máls**

1. Birta Antonsdóttir, formaður, setur fund og stýrir.
kynning – *umræða* –

2. **Málefni , skv. lögum um barnavernd** *kynning* – *umræða* –
afgreiðsla
(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)

3. **Málefni, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga** *kynning* – *umræða* – *afgreiðsla*
(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)

4. **Málefni , skv. lögum og reglugerð um sérfræðibjónustu við leik- og grunnskóla** *kynning* – *umræða* –
afgreiðsla
a) FSS í samráði við grunn- og leikskólana undirbýr nú haustnámskeið skólastiganna;
grunnskólarnir með „Nám við hæfi“ sem fram fer í Ólafsvík 18. ágúst og leikskólarnir
með umfjöllunarefnið „Leikur“ sem fram fer í Grundarfirði þann 8. október

5. **Önnur mál** *kynning* – *umræða*
a) Næsti fundur nefndararinnar, nr. 194, verður haldinn í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar
þriðjudaginn 1. júní kl. 16.30. Hamli sóttvarnir þeim fundi verður hann færðu á Team-
fjarfundahemilið.




FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

-
- b) Forstöðumaður kynnti stöðu byggingar þjónustuþakjarna fatlaðs fólks sem og annan undirbúning að starfsemi og rekstri íþakjarnans.
 - c) Vegna búferlaflutnings tilkynnir Eygló Bára úrsögn sína úr félagsmálanefnd að afloknum 194. fundi nefndarinnar þann 1. júní n.k.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 18.05

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson



189. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. apríl 2021, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Karl Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson.

Eyjólfur Bjarnason tilkynnti forföll.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 188. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Erindi frá UST: Tillaga að friðlysingu þjóðgarðs á Vestfjörðum

Lögð fram tillaga að friðlysingu þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum.

Afgreiðsla:


Nefndin fagnar hugmyndum um fyrirhugaðan þjóðgarð, enda líkur á að stofnun hans geti orðið til góðs fyrir umhverfi og samfélag á Vestfjörðum. Nefndin telur þær einnig falla vel að niðurstöðum Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar, sbr.

http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119_framtid_Beidafiardar_2021.pdf.

Breiðafjarðarnefnd bendir á að í auglýsingunni er hvergi minnst á verndarsvæði Breiðafjarðar, sbr. málsgreinina í 1. gr. „*Þjóðgarðurinn er fyrsti þjóðgarðurinn á Vestfjörðum og innan marka hans eru friðland og tvö náttúruvætti sem áður voru friðlyst.*“ Nefndin telur mikilvægt að fjallað sé um hvernig tilvonandi þjóðgarður skarast á við verndarsvæði Breiðafjarðar og löginn sem um það fjalla (nr. 54/1995).

Í 7. gr. auglýsingarinnar, þar sem fjallað er um rannsóknir og vöktun, kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands beri ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu og þar vísað til 74. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Náttúrufræðistofnun Íslands er óumdeilanlega höfuðstofnun á sviðinu og skv. greininni ber hún ábyrgð á vöktun lykilbátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnum með lögum. Minnt er á að fleiri stofnanir hafa lagahlutverk þegar kemur að vöktun náttúrunnar, þar á meðal Hafrannsóknastofnun (sbr. 5. gr. laga nr. 112/2015 um Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna) og náttúrustofur (sbr. 4. og 11. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur). Nærtækt væri að fela Náttúrustofu Vestfjarða verkefni í fyrirhuguðum þjóðgarði, enda kemur fram í áðurnefndri grein að Náttúrufræðistofnun Íslands geti haft



samstarf við aðra aðila um vöktun og geti falið t.d. náttúrustofum að annast tiltekna þætti hennar.

Landvarsla á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd óskaði eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að það veitti fjármagni til landvörlu við Breiðafjörð sumarið 2021, eins og tvö síðastliðin ár. Svar hefur borist frá ráðuneytinu sem samþykkti að styðja við landvörlu á Breiðafirði með 5 milljón króna framlagi sumarið 2021. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Umhverfisstofnun með svipuðum hætti og síðasta ár.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar fjárveitingu til landvörlu á Breiðafirði enda um mikilvægt verkefni að ræða fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

Hugmyndir Breiðafjarðarnefndar ræddar fyrir fyrirhugaðan fund með fulltrúum Umhverfisstofnunar í kjölfar þessa fundar.

Framtíð Breiðafjarðar: erindi frá Stykkishólmsbæ

Á 395. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, 28. janúar 2021, var samþykkt að senda Breiðafjarðarnefnd bókanir frá 394. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar vegna umsagnar um skýrslu Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar.

Á 396. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar var lögð fram bókun varðandi lokaskýrslu Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Bókanir lagðar fram til kynningar. Breiðafjarðarnefnd bendir á að lokasamantekt og niðurstöðum nefndarinnar vegna framtíðar Breiðafjarðar var skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra þann 19. janúar 2021. Breiðafjarðarnefnd fundaði í kjölfarið með ráðherra þann 22. janúar. Skýrslan var einnig birt á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar. Niðurstöður nefndarinnar í lokaskýrslu byggðu á þeim umsögnum sem þá höfðu borist nefndinni frá Stykkishólmsbæ.

Bókunum um framtíð Breiðafjarðar frá 395. fundi og 396. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar verður komið áfram til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Önnur mál.

Endurnýja þarf skilti Breiðafjarðarnefndar við Súgandisey.

Skilti við Brjánslæk bíður uppsetningar þar til endurbótum á hafnarsvæði þar er lokið.

Fundi slitið kt. 11:35.

190. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 12. apríl 2021, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbért Arnar Stefánsson, Karl Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíásdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:35.

Landvarsla við Breiðafjörð

Gott væri að leggja höfuðáherslu á landvörsu á norður- og austursvæði sumarið 2021. Þar er ferðaþjónusta vannýtt auðlind. Þó er mikilvægt að vera líka með viðveru landvarða á Snæfellsnesi þar sem mikið er um ferðamenn og mikil uppbygging hefur átt sér stað. Ef leggja á áherslu á fræðslu og fræðslugöngur skiptir máli að prófa þær annars vegar á svæði með mikilli ferðaþjónustu og hins vegar á svæði þar sem ferðaþjónusta er minni.

Brýnt er að líta til þess sem vel hefur verið gert í landvörsu og ferðaþjónustu á Snæfellsnesi og sá fræjum við norðanverðan fjörðinn. Landverðir ræði við heimamenn, fulltrúa sveitarfélaga, landeigendur og ferðamenn.

Á Reykhólum er aðgengi að fjöru gott. Umferð um Reykhólasvæðið á eftir að stóraukast í framtíðinni með bættum vegasamgöngum. Við þurfum að vera á undan umferðinni og vernda ákveðin sérstök svæði. Hugmyndir um að friðlýsa t.d. Berufjörð og Króksfjörð. Þar eru miklar leirur með mikilvægu fuglalífi. Sveitarfélög geta unnið góða undirbúningsvinnu hvað þetta varðar og undirbyggt áningarstaði. Þannig verði hægt að skipuleggja ferðaþjónustu þannig að hún ógni ekki lífríki en sé aðgengileg þeim sem hafa áhuga.

Æskilegt væri að senda landverði í siglingar með þeim fyrirtækjum sem bjóða upp á siglingar fyrir ferðamenn um verndarsvæðið. Það gefur landvörðum aðra sýn á svæðið og gefur þeim líka tækifæri til að spjalla við farþega og þá sem bera ábyrgð á þessum ferðum.

Í skýrslum um landvörsu á Breiðafirði árin 2019 og 2020 er að finna mikið af góðum upplýsingum og úttekt á svæðum. Það væri synd ef ekki væri unnið áfram með þær. Hver væri rétti aðilinn til þess að skipuleggja áningarstaði og leiðir niður að sjó? Gæti nefndin mögulega haft frumkvæði að því að koma þeim málum í einhvern farveg? Sveitarfélög við fjörðinn ættu að geta sótt í framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Auk þess væri áhugavert að skoða C9 verkefni byggðaáætlunar.

Tillaga að skiptingu landvarðavikna fyrir árið 2021:

5 vikur á norðursvæði
5 vikur á austursvæði
4 vikur í Flatey
2 vikur á Snæfellnesi

Klukkan 11:00 mættu fulltrúar Umhverfisstofnunar, Edda Kristín Eiríksdóttir og Linda Hallgrímsdóttir, á fundinn.


Hlutverk landvarða er fyrst og fremst að fræða um náttúruna, gæta þess að ákvæði laga séu ekki brotin og sinna viðhaldi. Það er ekki þeirra hlutverk að byggja upp ferðaþjónustu á svæðum. Áhersla verður lögð á skipulagðar göngur en hvað eiga landverðir að gera annað á svæðinu? Það þarf að skilgreina vel á hvaða svæði landverðir við Breiðafjörð eiga að starfa.

Af landvörlu fyrri ára má ráða að ekki sé orðið mikið álag og ágangur á svæðinu enn sem komið er. Þá sé helst um að ræða Flatey, Súgandisey, Kirkjufell og Kirkjufellsfoss.

Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að um sé að ræða fyrirbyggjandi vinnu. Ekki að bíða eftir því að sjá hvaða staðir verða fyrir á lagi og bregðast þá við heldur skipuleggja svæðið svo það verði undirbúið undir aukinn ferðamannastraum og álag. Þá er gott að til staðar sé prógramm með tilbúnum göngum og áfangastöðum. Landverðir gætu því kortlagt/stikað svæði þar sem aðgengi er gott, þar sem auðvelt er að ganga um og þar sem svæðið þoli ágang.

Verkefnalisti ætti ekki að vera vandamál:

- Samtal við landeigendur og heimamenn er mikilvægt og jafnvel að það þurfi að eiga sér stað aftur og aftur.
- Undirbúnингur að því að jafnvel verði hægt verði að friðlýsa smærri svæði innan verndarsvæðisins í framtíðinni.
- Hvar er aðgengi að sjó? Eru til staðar leiðir niður að sjó þar sem landeigendur og skipulagsfirvöld hafa gefið leyfi? Þarf að bæta við þær?
- Samvinna við fyrirtæki sem eru að nota Breiðafjörðinn. Hvaða lög og reglur gilda á svæðinu, t.d. hvað varðar arnarvörp, friðlýst æðarvörp o.s.frv.
- Þó verndarsvæðið sé skilgreint sem eyjar og fjörur þá þarf að hugsa landvörlu í stærra samhengi.
- Eitt af verkefnum gæti verið að kortleggja gönguleiðir, mislangar og hvað er að sjá á þeim. Undirbúningsvinna sem gæti nýst inn í framtíðina. Sumar yrðu nýttar áfram og sumar ekki. Stórt svæði svo þetta er margra ára verkefni ef að gera vel.



Breiðafjarðarnefnd

Samþykkt að Umhverfisstofnun ráði landverði út frá tillögum Breiðafjarðarnefndar að vikuskiptingum. Breiðafjarðarnefnd taki saman verkefnalista út frá lokaskýrslum landvarða og vangaveltum sínum og sendi fulltrúum Umhverfisstofnunar.

167. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fjarfundur í Teams haldinn miðvikudaginn 5. maí 2021 kl. 16.00

Fundargerð

Á fundinum voru:

Karitas Jónsdóttir (KJ)
Brynja Þorbjörnsdóttir (Bþ)
Steinunn I. Magnúsdóttir (SIM)
Silja Eyrún Steingrímsdóttir (SES)
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)
Trausti Gylfason (TG)

Einnig sátu fundinn starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins Ása Hólmarsdóttir og Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Auður Kjartansdóttir boðaði forföll.

1. Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Lögð fram drög að ofangreindri samþykkt þar sem Kjósarhreppur er hluti af starfssvæðinu.

Heilbrigðisnefnd samþykkir framlagða samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og vísar henni til eigendafundar og Kjósarhrepps til afgreiðslu.

2. Erindi frá Umhverfisstofnun vegna aðalskoðun leiksvæða

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dagsett 31. mars 2021 vegna eftirlits með leiksvæðum.

Heilbrigðisnefnd hvetur sveitarfélög til að láta framkvæma aðalskoðun leikvallatækja eins og kynnt er í bréfi Umhverfisstofnunar.

3. Staða eftirlits og starfsleyfisútgáfu

Staða mála vegna eftirlits sem er eftir á árinu og útgáfu starfsleyfa var kynnt. Fyrir liggur að full þörf er á viðbótarstarfsfólki til að sinna lögbundnum verkefnum. Framkvæmdastjóri leggur til að ráðinn verði heilbrigðisfulltrúi með réttindi í two mánuði í afleysingar og yrði kostnaður fjármagnaður með eftirlitsgjöldum.

Heilbrigðisnefnd tekur jákvætt í málið og vísar því til eigendafundar.

4. Eigendafundur heilbrigðiseftirlitsins (framhaldsaðalfundur)

Heilbrigðisnefnd leggur til að eigendafundur verði 20. maí milli kl. 14 og 16.

5. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns:

5.1 Rekstrarleyfi gististaða

- a. Welcome Iceland ehf, Ólafsvík. Gististaður/stærra gistiheimili í II. flokki. Jákvæð umsögn.
- b. Welcome Iceland ehf, Ólafsvík. Gististaður/stærra gistiheimili í IV. flokki (gististaður með áfengisveitingum). Jákvæð umsögn.
- c. Welcome Iceland ehf, Klettsbúð 9, 36, Hellissandi. Gististaður í III. flokki (stærra gistiheimili með veitingum). Neikvæð umsögn vegna ástand húsnæðis.
- d. Welcome Iceland ehf, Hafnargata 11, Rifi. Gististaður í II. flokki (stærra gistiheimili án veitinga). Neikvæð umsögn vegna ástands húsnæðis.
- e. Höfðagata 1 ehf, Aðalgata 8 Stykkishólmi. - Hótel Breiðafjörður. Endurnýjað leyfi fyrir gististað í III. flokki, (gististaður með einföldum veitingum). Jákvæð umsögn.
- f. Félagsbúið Miðhrauni sf, Miðhrauni 2, Eyja- og Miklaholtshreppi. Breytt leyfi vegna gististaðar í flokki IV., stærra gistiheimili og íbúðir og samkomusalur. Jákvæð umsögn.
- g. Lárus Lárberg hf. Sólvellir 13, Grundarfirði. Gistiheimili í II. flokki. Nýr rekstraraðili. Jákvæð umsögn.
- h. Nesvegur 5 ehf, Grundarfirði. Breyting á rekstraraðila og sameining rekstrareininga á Láka kaffi (SH55 sfl) og gistiheimilis á Nesvegi 5 á kennitölu Nesvegar 5 ehf. Gististaður færður úr flokki II í flokk IV.

Lagt fram

5.2 Umsagnir til sveitarfélaga um skipulagsmál:

Borgarbyggð

- a. Lögð fram til kynningar umsögn heilbrigðiseftirlits um tillögu að deiliskipulagi í landi Steðja fyrir gistiþónustu í 4 litlum húsum, dagsett 22. mars 2021.
- b. Lögð fram til kynningar umsögn heilbrigðiseftirlit vegna grenndarkynningar fyrirhugaðra byggingaframkvæmda á Brákarbraut 18-20 í Borgarnesi, dagsett 22. mars 2021.
- c. Lögð fram til kynningar umsögn heilbrigðiseftirlits vegna tillögu að deiliskipulagi í landi Ness í Reykholtsdal vegna tveggja lóða undir íbúðarhús og frístundahús, dagsett 22. mars 2021.
- d. Lögð fram til kynningar umsögn heilbrigðiseftirlits um tillögu að deiliskipulagi í landi Ness – Hringanes í Reykholtsdal um fjórar lóðir um íbúðarhús/smábýli.
- e. Lögð fram til kynningar umsögn heilbrigðiseftirlits vegna skipulagslýsingar fyrir gerð deiliskipulags í landi Stóra- Áss, Hálsasveit.
- f. Lögð fram til kynningar umsögn heilbrigðiseftirlits vegna breytingar á Aðalskipulagi Borgarbyggðar vegna breytrar landnotkunar og uppbyggingar ferðaþjónustu í landi Stafholtsveggja II.

6. Leyfi

Starfsleyfi á sviði mengunar- matvæla og hollustuháttu

- 6.1 Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Nýtt leyfi fyrir sjúkrahús og heilsugæslustöð að Merkigerði 9, Akranesi, í þremur byggingum F2101562, F2101562, F2101564. Gildistími í 12 ár.

- 6.2** Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Nýtt leyfi fyrir heilsugæslustöð og sjúkraþjálfun að Engihlíð 28, Ólafsvík. F2103541, Gildistími í 12 ár.
- 6.3** Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Nýtt leyfi fyrir heilsugæslustöð og sjúkradeildar háls- og bakdeildar að Austurgötu 7 Stykkishólmi í tveimur byggingum F2116401 og F2116406. Gildistími í 12 ár.
- 6.4** Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Nýtt leyfi fyrir heilsugæslustöð og sjúkraþjálfun að Borgarbraut 65. F2111087. Gildistími í 12 ár.
- 6.5** Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Nýtt leyfi fyrir heilsugæslustöð og sjúkraþjálfun að Hrannarstíg 7, Grundarfirði. F2217691. Gildistími í 12 ár
- 6.6** Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Nýtt leyfi fyrir heilsugæslustöð að Gunnarsbraut 2, Búðardal. Gildistími í 12 ár.
- 6.7** Stykkishólmsbær. Nýtt starfsleyfi fyrir rekstur á mótneyti að Austurgötu 7. F2116406. Gildistími í 12 ár.
- 6.8** Welcome Iceland ehf, Ólafsbraut 19, Ólafsvík. Gististaður/stærra gistiheimili í II. flokki. F2103809. Gildistími í 12 ár.
- 6.9** Welcome Iceland ehf, Ólafsbraut 20, Ólafsvík. Gististaður/stærra gistiheimili í IV. flokki (gististaður með áfengisveitingum). F20103740. Gildistími í 12 ár.
- 6.10** KjötMat Meistarinn ehf, Smiðjuvöllum 17, Akranesi. Nýtt leyfi fyrir matvælavinnslu með kjötverslun. F2111718. Gildistími í 12 ár.
- 6.11** Höfðagata 1 ehf, Aðalgata 8 Stykkishólmi. Endurnýjað leyfi fyrir gististað í III. flokki, (gististaður með einföldum veitingum). F2115383 Gildistími í 12 ár.
- 6.12** Erla Maren Gísladóttir, „microblade“ og snyrtimeðferðir á snyrtistofunni Mey, Smiðjuvöllum 17, Akranesi. F2297080. Gildistími í 12 ár.
- 6.13** Félagsbúið Miðhrauni 2 sf., Miðhrauni 2, Eyja- og Miklaholtshreppi. Breytt starfsleyfi fyrir gisti- og veitingastað. F2113340, 2113351, 2113350, 2357541, 2113341. Gildistími í 12 ár.
- 6.14** Gúndi GK ehf., Sólbakki 25 í Borgarnesi. Nýtt leyfi fyrir smur- og hjólbarðaverkstæði. Drög að leyfi voru auglýst frá 26. febrúar til 26. mars 2021. Engar athugasemdir bárust. F2300089. Gildistími 12 ár.
- 6.15** Akraneskaupsstaður. Leyfi fyrir starfsemi áhaldahúss á Laugabraut 6a á Akranesi. F2102000 Gildistími í 12 ár.
- 6.16** Akraneskaupstaður. Akraneshöllin – íþróttamannvirki Jaðarsbökkum. Nýtt leyfi. F2282638. Gildistími í 12 ár.
- 6.17** Akraneskaupsstaður. Fimleikahús/íþróttamannvirki Vesturgötu 130 Akranesi. Nýtt leyfi. F2502691. Gildistími í 12 ár.
- 6.18** Akraneskaupsstaður. Íþróttahúsið Vesturgötu 130, Akranesi. Endurnýjað leyfi. F20101539. Gildistími í 12 ár.
- 6.19** Reykjabúið ehf Fögrubrekku Hvalfjarðarsveit. Drög að endurnýjuðu tímabundnu leyfi fyrir alifuglabú (27.000 stæði) auglýst frá 19. mars til 16. apríl 2021. Umsögn barst frá Hvalfjarðarsveit. F2105129. Gildistími í 2 ár, eða til 2023.
- 6.20** Bjarni Sigurbjörnsson, Eiði, Grundarfirði. Nýtt leyfi fyrir starfsemi meindýraeyðis. F2114607. Gildir í 12 ár.
- 6.21** Nesvegur 5 ehf, Grundarfirði. Breytt leyfi fyrir gististað og matsölustað.. F2115209. Gildistími í 12 ár.
- 6.22** Sigrún Guðmundsdóttir, Nesvegi 7, Grundarfirði. Nýtt leyfi fyrir snyrtistofu. F2252153. Gildistími í 12 ár.
- 6.23** Silfurhár og förðun ehf, Nesvegi 7, Grundarfirði. Nýtt leyfi fyrir hárgreiðslustofu. F 2252153. Gildistími í 12 ár.

6.24 Flugeldasýningar, brennur og bálkestir

Björgunarsveitin Ósk Búðardal. Tímabundið leyfi fyrir flugeldasýningu á bryggjunni í Búðardal þann 14. apríl 2021.

6.25 Tímabundið leyfi til niðurrifs

Uppbygging ehf. Niðurrif byggingar við Kirkjubraut 39 á Akranesi. F2101541. Drög að tímabundnu leyfi auglýst frá 23. febrúar til 23. mars 2021. Engar athugasemdir bárust. Leyfið gildir til 25. maí 2021.

6.26 Borgarverk ehf. Borgarnesi. Tímabundið leyfi til að fjarlægja asbestosrör úr hitaveitulögn við Borgarfjörð. Drög að leyfi voru auglýst frá 24. febrúar til 24. mars s.l. Engar athugasemdir bárust. F2111722. Leyfið gildir til 31. desember 2022.

6.27 Olíudreifing ehf, Digrilækur 1, Hvalfirði. Tímabundið leyfi vegna niðurrifs á asbestosklæðningu í dæluhúsi. F2314276. Leyfið gildir til 22. maí 2021.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind starfsleyfi.

6.28 Skotfélag Akraness. Skotæfingasvæði við Akrafjall, Hvalfjarðarsveit. Drög að endurnýjuðu tímabundnu leyfi fyrir Skotfélag Akraness var auglýst frá 26. mars -23. Apríl s.l. Athugasemdir bárust: frá Hvalfjarðarsveit, ÍA, Skógræktarfélagi Akraness, íbúum á Ósi og Skotfélagi Akraness.

Heilbrigðisnefnd samþykkir nýtt starfsleyfi fyrir Skotfélag Akraness. Gildistími 2 ár. Framkvæmdastjóra er falið að svara innsendum athugasemdum með formlegum hætti.

TG sat hjá við afgreiðslu þessa máls.

7. Undanþága vegna aldurs ungmenna til sölu tóbaks:

- a. Skeljungur – Kvikk Skagabraut 43, Akranesi er veitt undanþága fyrir sölu á tóbaki fyrir eitt ungmenni. Undanþágan gildir í 6 mánuði.

Staðfest

8. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 18:08

Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

1. Markmið og hlutverk

1.1

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, skammstafað HEV, er byggt á samstarfi ellefu sveitarfélaga, Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Kjósarhrepps, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps, Snæfellsbæjar og Stykkishólms. Um fyrirkomulag stjórnar, starfmannna, starfssvæðis og framkvæmd fer skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heimili HEV og varnarþing er að Innri mel 3, 301 Akranesi.

1.2

Heilbrigðisnefnd Vesturlands sem fer með yfirstjórn HEV, ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Nefndin skal vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

2. Aðalfundur og skipan heilbrigðisnefndar

2.1

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skal haldinn árlega. Á dagskrá aðalfundar skal taka fyrir ársskýrslu heilbrigðisnefndar, ársreikninga og önnur mál.

Heilbrigðisnefnd skal kosinn eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Um hæfi stjórnarmanna fer skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Það ár skal aðalfundur haldinn fyrir lok júlímaðar enda hafi umboð frá fráfarandi heilbrigðisnefnd verið framlengt sem því nemur eins og heimild er til í 40. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Á aðalfundi hefur hvert sveitarfélag atkvæðisrétt í samræmi við íbúafjölða í sveitarfélaginu eins og hann var 1. desember næstliðins árs.

2.2

Kosnir skulu fimm aðalmenn og jafn margir varamenn. Samtök atvinnurekenda á svæðinu eiga rétt á að tilnefna í nefndina einn fulltrúa. Einnig eiga náttúruverndarnefndir sveitarfélaganna rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina með málfrælsi og tillögurétt og er hann tilnefndur af stjórn Samtaka sveitarfélaga

á Vesturlandi. Að öðru leiti fer um rétt til setu á heilbrigðisnefndarfundum skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3. Fundir heilbrigðisnefndar

3.1

Heilbrigðisnefndarfundi skal halda eftir þörfum en eigi sjaldnar en sex sinnum á ári og er nefndarfundur ályktunarhæfur sé meiri hluti nefndarinnar mættur. Fundir eru boðaðir ef þörf krefur að mati heilbrigðisnefndar eða ef eitt aðildarsveitarfélaga krefst þess skriflega.

3.2

Framkvæmdastjóri í samráði við formann heilbrigðisnefndar útbýr dagskrá heilbrigðisnefndarfunda með málum sem liggja fyrir nefndinni til afgreiðslu, og kynningar ásamt því sem útgefin starfsleyfi og umsagnir sbr. 5. kafla eru lagðar fram. Fundargögn eru vistuð jafnóðum á miðlægu svæði sem er aðgengileg heilbrigðisnefnd.

3.3

Fundargerðir og fundarsamþykktir heilbrigðisnefndarfunda skal færa í sérstaka fundargerðarbók. Ef fundargerð er skrifuð í tölvu skulu allir fundarmenn kvitta undir fundargerðina og auk þess skulu þeir setja upphafsstafi sína á hverja blaðsíðu. Fundargerð skal lesin upp í fundarlok og borin undir atkvæði ef þess er kostur en heimilt er að fela fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerðinni. Ef haldinn er rafrænn fundur getur undirskrift farið fram rafrænt eða að fundarmenn skrifa undir við fyrsta hentugleika. Að fundi loknum er fundargerð ásamt fundargönum send til aðildarsveitarfélaga til upplýsinga.

4. Um stjórn og starfslið

4.1

Heilbrigðisnefnd Vesturlands er málsvari HEV og framfylgir samþykktum nefndarfunda. Heilbrigðisnefndin vinnur að stefnumarkandi málum og gerir tillögur um ný mál. Heilbrigðisnefnd gerir fjárhagsáætlun og leggur fyrir sveitarstjórnir eigi síðar en 15. október ár hvert. Sveitarstjórn telst samþykkt fjárhagsáætlun hafi skrifleg athugasemd ekki borist HEV fyrir 1. desember. Fjárhagsáætlun telst samþykkt þegar sveitarfélög með meirihluta íbúa á Vesturlandi hafa samþykkt hana.

4.2

Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á að starfað sé í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og skal senda sveitarstjórnunum endurskoðaðan og áritaðan ársreikning þegar hann liggur fyrir.

4.3

Heilbrigðisnefnd er heimilt að setja gjaldskrá í samræmi við 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lætur birta hana í B deild Stjórnartíðinda. Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits sér um álagningu gjalda skv. gjaldskránni í umboði heilbrigðisnefndar.

4.4 Heimilt er heilbrigðisnefnd að semja um þjónustu Heilbrigðiseftirlit Vesturlands við sveitarfélög utan eftirlitssvæðisins, enda standi tekjur af þeirri þjónustu undir útgjöldum vegna hennar.

4.5

Heilbrigðisnefnd skal fyrir 1. ágúst ár hvert birta á vefsíði sínu skýrslu um starfsemi sína, þar sem fram komi yfirlit um helstu verkefni og áherslur undangengins árs, ásamt ársreikningi.

4.6

Heilbrigðisnefnd ræður framkvæmdastjóra, markar starfssvið hans og launakjör og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn. Heimild nefndarinnar þarf að liggja fyrir, ef um fjölgun stöðugilda er að ræða. Um starfskjör starfsmanna HEV fer samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og ráðningarsamnings.

4.7

Framkvæmdastjóri veitir Heilbrigðiseftirliti Vesturlands forstöðu og annast framkvæmd málefna eftir því sem heilbrigðisnefnd ákveður. Hann hefur í hendi starfsmannastjórn og sér um að rekstur sé innan fjárheimilda. Framkvæmdastjóri á sæti á heilbrigðisnefndarfundum.

4.8

Framkvæmdastjóri skal að jafnaði boða heilbrigðisnefndarfundi í samráði við formann nefndarinnar. Telji formaður stjórnar að óeðlilegur dráttur sé á fundarboðun, getur hann hlutast til um fundarboðunina. Framkvæmdastjóra er skyld að leggja fyrir heilbrigðisnefnd allar stefnumarkandi ákvarðanir.

5. Embættisafgreiðslur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

5.1

Framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er heimilt að gefa út eftifarandi starfsleyfi samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 58/2019 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs

og lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum (stjórnvaldssektir o.fl.) sbr. 48. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- a. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br., sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br.
- b. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja í samræmi við 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. Þegar efnislegar athugasemdir berast við drög að starfsleyfi í útgáfuferlinu skv. a og b lið skal heilbrigðisnefnd upplýst um málið og það tekið fyrir á næsta fundi heilbrigðisnefndar.
- c. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir hönd nefndarinnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og -ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustu er varða matvæli m.s.br. og ganga að fullu frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir starfsleyfi er að fullu mætt.
- d. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út tóbakssöluleyfi fyrir hönd nefndarinnar skv. lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og ganga frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir sölu tóbaks er að fullu mætt.

5.2

Starfsmenn heilbrigðiseftirlits sjá um að gefa umsagnir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði skv. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 m.s.br. í umboði heilbrigðisnefndar samkvæmt heimild í 48. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5.3

Starfsmönnum heilbrigðiseftirlits er falið að svara erindum og bréfum f.h. nefndarinnar. Jafnframt að vinna umsagnir um teikningar og skipulagstillögur frá sveitarstjórnunum sem og samþykktir sveitarfélaga skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br.

5.4

Framkvæmdastjóri getur ávallt vísað málum skv. 5.1 - 5.3 til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu starfsmanna heilbrigðiseftirlits skal hann vísa málínus til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Um mál sem orka tvímælis, t.d. umsóknir um starfsleyfi þar sem skilyrðum er ekki að fullu mætt, en mál þola ekki bið, er framkvæmdastjóra falið að afgreiða mál að höfðu samráði við formann heilbrigðisnefndar, svo framarlega sem þessir aðilar eru sammála um afgreiðsluna. Jafnframt er heimilt að leita samþykkis heilbrigðisnefndar með tölvupósti í einstaka málum ef tilefni er til en að öðrum kosti skal kalla saman heilbrigðisnefndarfund.

5.5

Framangreindar afgreiðslur starfsmanna skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar.

6. Um úrsögn og slit

Komi til þess að vegna breyttra forsendna/laga að samþykkt þessari verði sagt upp skal slíkt gert með 6. mánaða fyrirvara og tekur uppsögnin gildi frá næstu áramótum þar á eftir. Um úrsögn fer að öðru leiti skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

7. Um breytingar á samþykktum og gildistökuákvæði

7.1

Samþykkt þessa skal taka til endurskoðunar á aðalfundi ef sveitarfélög með meirihluta íbúa á Vesturlandi óska þess. Sveitarfélög með ½hluta íbúa svæðisins þurfa að samþykkja breytingar til að þær öðlist gildi. Tillögur til breytinga á samþykktum skulu sendar fulltrúum minnst tveimur vikum fyrir fund.

7.2

Samþykkt þessi öðlast gildi um leið og reglugerð tekur gildi um að Kjósarhreppur færist undir starfssvæði Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Samþykktin skal auglýst í B. deild Stjórnartíðinda.

Á aðalfundi heilbrigðisnefndar Vesturlands þann 24. mars 2021 var ákveðið að vísa samþykktinni til afgreiðslu á eigendafundi í maí.

f.h. Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Þorsteinn Narfason, framkvæmdastjóri.

Fundargerð 897. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 30. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Pórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Rakel Óskarsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Daníel Jakobsson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnar Anna G. Björnsdóttir, Valur Rafn Halldórsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Árman Snævarr og Guðjón Bragason, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 896. fundar - 2101077SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 896. fundar stjórnar sambandsins frá 26. mars 2021.

Fundargerðin var samþykkt og verður hún undirrituð á næsta stjórnarfundi sem verður haldinn í húsnaði sambandsins.

2. Fyrirkomulag landsþings 2021 - 2101027SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 27. apríl 2021, um fyrirkomulag landsþings 2021. Formaður upplýsti að forsætisráðherra muni flytja stutt ávarp á þinginu í tilefni þess að nú er aðgengileg „Verkfærakista um heimsmarkmiðin fyrir sveitarfélög“ á vegum stýrihóps forsætisráðuneytisins um markmiðin.

Stjórnin samþykkir að fela starfsmönnum sambandsins að halda undirbúningi landsþings áfram í samræmi við umræðu á fundinum. Endanleg ákvörðun um hvort þingið verður eingöngu stafrænt verður tekin í síðasta lagi 10. maí og mun niðurstaða einkum ráðast af samkomutakmörkunum sem verða í gildi í maí.

3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lagðar fram fundargerðir 4., 5. og 6. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 18. nóvember 2020, 3. mars og 21. apríl 2021.

Framkvæmdastjóri upplýsti um að búið væri að ganga frá ráðningu í tvö störf verkefnistjóra í stafrænt teymi en bæði störfin voru auglýst án staðsetningar.

4. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2009307SA

Lögð fram fundargerð 54. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 14. apríl 2021. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs greindi frá fundi sem haldinn var 21. apríl sl. þar sem fram fóru gagnlegar umræður um mótnun stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða. Á fundinn mætti Halldór S. Guðmundsson, sem leiðir stefnumótunarvinnuna f.h. heilbrigðisráðherra, ásamt fulltrúum sem sambandið hefur tilnefnt í starfshópa um málefni aldraðra.

5. Málþing um sameiningar sveitarfélaga - 2104048SA

Framkvæmdastjóri sambandsins gerir grein fyrir málþingi um sameiningar sveitarfélaga sem sambandið mun standa fyrir í fjarfundi 7. maí nk.

Stjórnin hvetur sveitarstjórnarmenn og almenning til að fylgjast með málþinginu.

6. Samkomulag um aðgengismál fatlaðs fólks - 2103028SA

Lögð fram drög að samstarfsyfirlýsingu milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, félagsmálaráðuneytisins, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Öryrkjabandalags Íslands um átak sem felur í sér hvatningu til sveitarfélaga um að vinna markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021.

Stjórnin fagnar samstarfsyfirlýsingunni og hvetur sveitarstjórnir til þess að nýta þetta kærkomna tækifæri til að vinna að úrbótum í aðgengismálum fatlaðs fólks. Jafnframt samþykkti stjórnin umboð til formanns og framkvæmdastjóra að undirrita yfirlýsinguna.

7. Skýrsla um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila - 2009237SA

Lögð fram skýrsla verkefnisstjórnar sem heilbrigðisráðherra skipaði þann 20. júlí 2020 um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila, dags. í apríl 2021.

Niðurstöður skýrslunnar eru sláandi. Þegar tekið er tillit til framlags frá sveitarfélögum sem var tæpur 1 ma.kr. og afturvirkra launahækkan vegna kjarasamninga er halli heimilanna samtals 2,7 ma. kr. árið 2019. Að auki dregur skýrslan fram mönnunarvanda heimilanna, en þau ná hvorki að uppfylla lágmarksviðmið Embættis Landlæknis um umönnunarklukkustundir né samsetningu fagstéttu við umönnun. Samningar við heimilin hafa enda ekki tekið mið af þeim viðmiðum sem leiðir af sér að þjónustan er að langstærstum hluta veitt af ófaglærdu fólk. Til að ná lágmarksviðmiðum um umönnunarklukkustundir þyrfti aðra 3 ma.kr. til viðbótar. Ljóst er að heimilin búa við bráðavanda og hafa gert lengi. Ofan á þetta bætist að 1. maí nk. tekur gildi breytt fyrirkomulag vegna vaktavinnu sem mun líklega auka launakostnað um 10-15%.

Óþarfir á að vera að minna á að heilbrigðisþjónusta er á ábyrgð ríkisins. Það er skýlaus krafa stjórnar sambandsins að daggjöld hjúkrunarheimila verði hækkuð strax í samræmi við niðurstöður þessarar skýrslu og þeirrar kostnaðarhækunar sem fylgir styttingu vinnutíma vaktavinnufólks þann 1. maí nk.

8. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026 - 2103044SA

Lögð fram umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 7. apríl 2021, um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026, 627. mál.

Stjórnin tekur undir þær áherslur sem fram koma í umsögninni. Stjórnin áréttar mikilvægi þess að sveitarfélögin þurfa gott aðgengi að lánsfé á hagstæðum kjörum ásamt því að stuðningsaðgerðir sem samþykktar voru í yfirlýsingu ríkisstjórnar frá 2. október 2020 gildi einnig á yfirstandandi ári.

9. Drög að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands - 2104033SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 21. apríl 2021, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku), 709. mál og um tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs fór yfir helstu álitaefni í frumvarpinu og þingsályktuninni. Honum var falið að ganga frá endanlegri umsögn að loknu samráði við stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

10. Samstarf við ungmannaráð UMFÍ vegna markmiða um ungmannaráð í stefnumörkun landsþings 2018-2022 - 2009413SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 26. apríl 2021, um samstarf við ungmannaráð UMFÍ vegna markmiða um ungmannaráð í stefnumörkun landsþings 2018-2022, ásamt upplýsingum frá Ungmannaráði UMFÍ, dags. í mars 2021.

Guðmundur Ari Sigurjónsson var tilnefndur sem fulltrúi stjórnar sambandsins í undirbúningshóp um málið.

11. 40. Sveitarstjórnarþingið í Strasbourg 2021 - 2009042SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 26. apríl 2021, um 40. Sveitarstjórnarþingið í Strasbourg 2021.

12. Tilnefning í fornminjanefnd - 2103046SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 29. mars 2021, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu í fornminjanefnd, og er Valur Rafn Halldórsson, tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

13. Tilnefning í reikningsskila- og upplýsinganefnd - 2104019SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 20. apríl 2021, þar sem Gísli H. Guðmundsson, borgarbókari, er tilnefndur til áframhaldandi setu sem aðalmaður, í reikningsskila- og upplýsinganefnd, og er Sigurð Ásta Sigurðardóttir, sérfræðingur í uppgjörsdeild á Fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar, tilnefnd til áframhaldandi setu sem varamaður. Einnig tilnefnir sambandið Ingibjörgu Garðarsdóttur, fjármálastjóra Sveitarfélagsins Árborgar, til áframhaldandi setu sem aðalmaður, í nefndina, og er Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðing á hag- og upplýsingasviði sambandsins, tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

14. Tilnefning í faggildingarráð - 2012042SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 26. apríl 2021, þar sem Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, er tilnefndur í faggildarráð.

15. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótun á sviði stafrænnar þróunar - 2103037SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálaneftndar Alþingis, dags. 22. mars 2021, um tillögu til þingsályktunar um stefnumótun á sviði stafrænnar þróunar, 455. mál.

16. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins - 2011057SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 24. mars 2021, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 561. mál.

17. Umsögn um drög að stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera - 2103048SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 6. apríl 2021, um drög að stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera.

18. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 - mennta- og menningarmál - 2103033SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálaneftndar Alþingis, dags. 7. apríl 2021, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (mennta- og menningarmál), 585. mál.

19. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á jarðalögum - 2101058SA

Lögð fram til kynningar framhaldsumsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 8. apríl 2021, um frumvarp til laga um breytingar á jarðalögum, 375. mál, ásamt fylgiskjali.

20. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýja þýðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - 2103039SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálaneftndar Alþingis, dags. 8. apríl 2021, um tillögu til þingsályktunar um nýja þýðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 568. mál.

21. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008 - almannavarnarstig o.fl. - 2103042SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálaneftndar Alþingis, dags. 9. apríl 2021, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008 (almannavarnastig o.fl.), 622. mál.

22. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 - byggingastarfsemi, almenningssamgöngur o.fl. - 2101053SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 14. apríl 2021, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1998 (byggingastarfsemi, almenningssamgöngur o.fl.), S-93/2021.

**23. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030 -
2104009SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 21. apríl 2021, um tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030, 645. mál.

**24. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnaviði
mennta- og menningarmála - öflun sakavottorðs - 2104044SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 21. apríl 2021, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnaviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs), 715. mál.

**25. Umsögn um drög að reglugerð um Jafnréttisráð - samráðsvettvang um jafnrétti
kynjanna - 2104047SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 23. apríl 2021, um drög að reglugerð um Jafnréttisráð - samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna, mál nr. S-95/2021.

**26. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu
2015-2026 - 2104034SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 27. apríl 2021, um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026, 705. mál.

27. Umsögn um frumvarp til laga um loftferðir - 2010017SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 27. apríl 2021, um frumvarp til laga um loftferðir, 586. mál.

28. Gjaldtaka sveitarfélaga vegna eftirlits með gámum á atvinnulóðum - 2104030SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Samtaka iðnaðarins, dags. 28. apríl 2021, um gjaldtöku sveitarfélaga vegna eftirlits með gámum á atvinnulóðum, ásamt bréfi Samtaka iðnaðarins, dags. 15. mars 2021.

Fundi var slitið kl. 13:50

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Pórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna og
landshlutasantaka sveitarfélaga

Reykjavík 4. maí 2021

2101027SA VRH
Málalykill: 00.03

Efni: Boðun XXXVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga


Samkvæmt 7. gr. samþykkta Sambands íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasantaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXVI. landsþings sambandsins sem haldið verður 21. maí 2021.

Undirbúningur landsþings miðar að því að það verði haldið rafrænt en ef aðstæður leyfa verður landsþingið haldið á Grand hóteli í Reykjavík. Nánari upplýsingar um framkvæmd verður send út þegar nær dregur eða í síðasta lagi 10. maí.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykkta sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 17. maí 2021.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson

framkvæmdastjóri



Snæfellsbær
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari
Snæfellsási 2
360 Hellissandi

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2021

Reykjavík, 4. maí, 2021.

Ágæti hluthafi.

Boðað er til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf. miðvikudaginn **19. maí** klukkan **14:30**. Að þessu sinni verður fundurinn haldinn í **fyrirlestrarsal á 2. hæð í Þjóðarbókhlöðu, Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni**, Arngrímsgötu 3, 107 Reykjavík.

Dagskrá fundarins er samkvæmt 14. grein samþykkta félagsins.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar.
3. Breyting á samþykkum félagsins
4. Kosning stjórnar og endurskoðanda.
5. Meðferð hagnaðar.
6. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og endurskoðanda.
7. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins verður sendur út í tölvupósti fyrir fundinn, ásamt núgildandi samþykkum þess.

Virðingarfyllst, fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna hf.,

Sveinbjörg Sveinsdóttir
framkvæmdastjóri

Snæfellsbær 01.05.2021

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Klettsbúð
360 Snæfellsbær

Við eigendur við Hafnargötu 2 óskum eftir því við Bæjarstjórn Snæfellbæjar að þeir malbiki götuna fyrir framan skúrana við Hafnargötu 2.

Við götuna eru beitningaskúrar og geymslur, en einnig er að finna þar einu Fiskbúð á Snæfellsnesi. Á móti skúrunum er að finna trésmíðaverkstæði sem smíðar húsgögn og flr. Svo á að reisa listaverk í sumar við enda skúranna.

Skúrarnir voru teknir í gegn og klæddir fyrir nokkrum árum og er það metnaður eigenda skúranna að hafa snyrtilegt í kringum sig. Ætlunin er að laga enn betur að framan við skúranna en gatan sjálf stingur alltaf í stúf við hitt.

Það efni sem er á götunni núna er löngu orðið ónýtt og elstu menn muna varla hvenær það efni var lagt á.

Með von um góð viðbrögt. Virðingarfyllst f.h eigenda

Þóra Olsen

Hvítahúsi, 26.apríl , 2020

Til bæjarstjóra Snæfellsbæjar, Kristins Jónassonar

Efni: Umsókn um styrk vegna niðurgreiðslu á námskeiðsgjaldi fyrir börn og unglings.

Ég undirrituð, fer þess á leit við Snæfellsbæ að mér verði veittur styrkur vegna myndlistanámskeiða barna og unglings í Hvítahúsi í Krossavík dagana 5. – 9. júlí næstkomandi, fjórða árið í röð. Námskeiðin sumarið 2018, 2019 og 2020 voru fullbókuð og luku með veglegri sýningu á verkum barnanna.

Fyrirhuguð eru tvö námskeið. Annað fyrir börn á aldrinum 6-10 ára (fyrir hádegi) og hitt fyrir 11-16 ára (eftir hádegi). Námskeiðin standa í viku hvort.

Viðfangsefni námskeiðanna verða í stuttu máli tengd myndlist og náttúru þar sem lögð er áhersla á útvist. Umsjón með námskeiðunum hefur undirrituð.

Áætlað þáttökugjald námskeiðs er kr. 25.000.- á barn. Í þeim kostnaði felst allur efniskostnaður, kennsla og létt hressing. Húsnaði er á vegum eigenda Hvítahúss.

Farið er þess á leit við Snæfellsbæ að veita undirritaðri styrk sem nemur a.m.k. hálfu þáttökugjaldi hvers þátttakanda. Áætlað er að á hvoru námskeiði verði sex til tíu þátttakendur.

Myndlistarnámskeið eru almennt dýr námskeið þar sem efniskostnaður er töluverður. Óskað er eftir styrk frá Snæfellsbæ sem niðurgreiðslu á þáttökugjaldi svo kostnaður megi vera að einhverju leyti sambærilegur við kostnað annarra námskeiða fyrir börn og unglings í Snæfellsbæ s.s. leikja-, leiklistar- og íþróttanámskeiða svo dæmi séu tekin.

Með framboði á vönduðu myndlistarnámskeiði fyrir börn og unglings tel ég að komið sé til móts við fleiri einstaklinga um val á tómstundum en annars væri. Myndlistarnámskeið fyrir börn og unglings eflir um leið menningarflóru bæjarins.


Að lokum langar undirritaðri að geta þess að ef af styrkveitingu þessarri verður þá mun það koma skýrt fram í öllum auglysingum og umfjöllunum um barna- og unglanganámskeið í Hvítahúsi ásamt merki Snæfellsbæjar að sjálfsögðu. Einnig óska ég eftir að námskeiðin í Hvítahúsi sem ætluð eru börnum og unglungum verði auglýst á vef Snæfellsbæjar með öðrum sumarnámskeiðum.

Með þökkum og von um jákvæð viðbrögð,
Elva Hreiðarsdóttir
elvahre@vortex.is
www.hvitahus.is
Elva Art á Facebook

Aðeins um fólk i Hvítahúsi

Elva Hreiðarsdóttir er fædd og uppalin í Ólafsvík, f. 1964. Hún festi kaup á Hvítahúsi í mars 2017 ásamt eiginmanni sínum Halldóri E. Eyjólfssyni. Þar reka þau ýmsa menningartengda starfsemi t.d. leigu á vinnuaðstöðu fyrir listamenn og ýmiss konar menningartengt námskeiðahald. Elva er menntaður myndlistarkennari (Kennaraháskóli Íslands) og myndlistarmaður (Listaháskóli Íslands) og hefur áratuga reynslu af kennslu myndlistarnámskeiða fyrir alla aldurshópa. Halldór er grafískur hönnuður.

Með bestu kveðjum,
Elva Hreiðarsdóttir
s. 6924440
www.elva.is



Kristinn Jónasson

From: Ragnhildur Sigurðardóttir <ragnhildur@snaefellsnes.is>
Sent: fimmtudagur, 29. apríl 2021 14:17
To: Kristinn Jónasson
Subject: Ályktun frá stjórn Búnaðarfélags Staðarsveitar

Furubrekka 26. apríl 2021

Stjórn Búnaðarfélags Staðarsveitar lýsir yfir ánægju með umhverfisverkefni sem hefur verið í gangi.

Búnaðarfélagið óskar eftir því á að slíkt verkefni verði endurtekið 2021 með áherslu á eftifarandi atriði;

- Gámar komi í júní. Það þarf að vera gámur fyrir brotajárn og annar fyrir blandað rusl og stórt spilliefnakar.
- Búnaðarfélag Staðarsveitar leggi til afnot af tækjum félagsins, félagsmönnum að kostnaðarlausu til að vinna að umhverfishreinsun meðan á verkefninu stendur.
- Brotajárns- og ruslagámar verði staðsettir á þremur stöðum í Staðarsveit og Breiðuvík
- Fylgst verði með gámunum og þeir tæmdir ef þeir fyllast meðan á verkefninu stendur.
- Einnig verði hægt að leita eftir samstarfi við sveitarfélagið um að fá gám ef vinna þarf að sérstöku umhverfisátaki á afmörkuðum stað.
- Umhverfisátakið verði útfært og framkvæmt í samstarfi Snæfellsbæjar og Svæðisgarðs. (Ritara Búnaðarfélagsins falið að senda þessa ályktun stjórnar til Snb og Svæðisgarðs)

*F.h. Búnaðarfélags Staðarsveitar
Sigurjón Grétarsson formaður
Svavar Þórðarson gjaldkeri*

--
Með góðri kveðju af Snæfellsnesi

Ragnhildur Sigurðardóttir

Ólafsvík, 29. apríl 2021

Fyrirspurn til Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar vegna listaverks

Ég undirrituð var að skoða eldri fundargerðir Lista- og menningarnefndar frá árin 1991, þar rakst ég á gjafabréf frá Ríkeyju Ingimundardóttur listakonu. Þar er hún að gefa listaverk sem heitir „NÝTT LÍF“

Man eftir að verkið var sett upp á Heilsugæslustöðinni hér í Ólafsvík. Því langar mig að spyrja : er það ennþá á Heilsugæslunni?

Með kveðju

Ragnheiður Víglandsdóttir

Öjafabrétt

EQ UNDIRRITUD RIKEY Í NGIMUNDARD.
ÆP HÉR MED OLAFSJIÐURKA OPSTÍÐ
LISTAVERK MITT "NYTT LIF"
LISTAVERK DÖTTA Í ÁÐ VERA FVRESTI
VISIR ÁÐ LISTAVERKASRFNI í OLAFSUÐ
ÍÐUM TIL ANREGJU OG MEINNINGAR AVKA
OG SKAL VARÐUEITT DAR

OLAFSUÐ 21. júlí 1991

R.I.
SIGN



Rikey Ingimundardóttir

Um 15 - 16 ára stundadí Rikey nám í M.H.I. í tekningu og málun. Síðar innræðist hún í Myndlistar- og bandarískskóla Íslands í fjögra ára nám í skulptur (myndindóttur). Lauk náni 1983. Í keramíkdeild sama skóla var Rikey frá 1984 - 1988.

Rikey hefur stundad list sína bæði hér heima og erlensis. Auk samsýningar hefur Rikey haldit 20 einskrýningar. Í dag rekur hún eigin vinnustofu og gallery ad Hverfingið 39 Reykjavík. Verk eftir hana eru víðu á opnunarum síðum t.d. Íslandsbanka, Sparisjóði Keflavíkur, LIL, kapellin SÍA, Kennaraháskóla Íslands, Flugleðum, Dryggingu hf., Lögreglusafni Íslands, Rárik, Isal, Vestmannaeyjar, Djúpavogi, Bolungarvík og fl.

Mjög athyglisverð sýning sem engin setti ad línu fram hja sérfara.

SUMARHÁTIÐ i Ólafsvík

18. - 21. júlí 1991

Ágætu Ólafsvíkingar

Nú er komið að okkar árlegu sumarhátíð, sem verður haldin dagana 18. - 21. júlí. Sem fyrr verur boðið uppá ýmiskonar skemmti- og menningarefni bæði frá heimafólki og frá lista-konunni Ríkey Ingimundardóttur, sem betur er kynnt annarstaðar í þessu blaði.

Að þessari hátíð hafa unnið ýmis félagasamtök og einstak-lingar hér í bæ og er framlag þeirra kynnt í dagskrá þessari. Við viljum nota þetta tækifæri og færa þeim fjölmörgu er lagt hafa þessari sumarhátíð lið, okkar bestu þakkir fyrir gott starf.

Það er von okkar að allir yngri sem eldri finni eitthvað við sitt hæfi og taki virkan þátt í þessari árlegu sumarhátíð okkar.

Gleðilega hátíð
Lista- og menningarnefnd.

Lilja Ólafardóttir

From: Sigrún Guðmundsdóttir <sigrung@vortex.is>
Sent: fimmtudagur, 15. apríl 2021 14:15
To: Lilja Ólafardóttir
Subject: Vegna félagsheimilis og skóla að Lýsuholi.

Til bæjarstjórnar Snæfellsbærar
....varðandi kæliskápa fyrir félagsheimili og skóla að Lýsuholi.

Það er svo komið að kælivél sem er í notkun hér við mötuneytið er að syngja sitt síðasta.
Ekki er lengur hægt að skrúfa festinum til að halda vélinni lokaðri, þar sem mikil tæring og ryð er í öllu járnávirki.
Svo var mér tjáð að klæðning inná á veggjum rýmisins væri ekki rakavarið og þyrfti að skoða betur ef rýmið yrði áfram notað sem
kælir.
Annars gæti möguleika sótthreinsivökvi og málning dugað en maður veit svo sem aldrei, þar sem mygla og mórað eru farin að
stjórna og stýra flestu í okkar, annars ágæta samfélagi :)

Nú biðla ég til bæjarstjórnar um að leyfa okkur að fjárfesta í tveimur kæliskápum frá Fastus.
Meðfylgjandi er tilboðsverð í kæliskápana.

Kær kveðja
Sigrún

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær



Tilboð

15. apríl 2021

Bls. 1

Tilboðsnr.

ST039457

Reikn.færist á viðskm.

5106942449

Tilboð gildir til 29.04.21

Nr.	Lýsing	Magn	Eining	Ein.verð	Afsl. %	Upphæð
ILSAAN07S2510	Kæliskápur Ilsa 700l Neos Úr stáli að utan sem innan Hitastig 0°/+10 Tekur 2 x 1/1 GN bakka Með digital stjórnborði á framan Heil hurð. Kælivél að ofan. 1 fasa / 230 volt / 0,4 kW / 50hz Mál. 77 x 82 x 202,5 cm	2	Stk	306.574	20	490.518
ILSAGRI0011	Hilla í 700l.Ilsa skáp	4	Stk	4.540	20	14.528
				Millisamtala		631.308
				Afsláttur		-126.262
				Heildar ISK án VSK		505.046
				24% VSK		121.211
				Samtals ISK með VSK		626.257

Greiðsluskilmálar Liðandi mán + 10 dagar
Með kveðju,
Jóhann Valur Stefnisson
Verð eru með fyrivara um breytingar á aðflutningsgjöldum og gengi
gjaldmiðla

Akstur: 33þús.

Snæfellsbær 27. apríl 2021

Til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar.

Vegna anna í vinnu, háskólanáms og breyttrar skipunar í nefndinni óskar undirrituð eftir að segja sig úr íþróttu- og æskulýðsnefnd sem fulltrúi J-listans.

Virðingarfyllst

Ása Gunnarsdóttir

Keuptilboð í skip

Seljandi skuldbindur sig til þess að selja og kaupandi til að kaupa skip sem lýst er í samningi þessum með þeim skilmálum og kjörum sem í honum greinir eða af lögum leiðir.



Kaupandi Kennitala Heimill Staður	Eignarhlutfall Tryggir hjá
F.h. óstofnaðs hlutafélags, Vignir Demusson 210860-2909 Hjallabrun 17 810	100,0 %
Seljandi Kennitala Heimill Staður	Eignarhlutfall Tryggir hjá
Ingibjörg ehf. 590602-3960 Grundarbraut 22 355 Ólafsvík	100,0 % Sjóvá

Nafn skips og umd.nr. | Nr.skips | Helmhöfn | Byngd | Lengd

Ingibjörg SH174 | 2624 | Rif | 4,11 br.tonn | 7,27 met.

Notkunartegund | Smíðastöð | Smíðaár | Efni skips

Fiskiskip | Bátaþmiðja Guðmundar Eh | 2004 | Trefjaplast

Lýsing:

Hið selda er skip ásamt öllu sem því fylgir og sem til staðar er við skoðun og í samræmi við söluvísit áritað af aðilum, og annað sem tilgreint er í kaupsamningi þessum. Skipið selst án aflahlutdeilda, án aflamarks og án veiðiheimilda hverju nafni sem þær nefnast. Skipið er án grásleppuleyfis. Seljandi mun flytja aflahlutdeild, viðmið afclareynslu á makrli og aflamark af skipi yfir á annað skip fyrir afsal.

Veiðireynsla fylgir ekki við sölu skipsins og er þá m.a. átt við veiðireynslu sem telur til úthlutunar á byggðarkvóta. Komi síðar til úthlutun á (króka-) aflahlutdeild, (króka-) aflamarki, eða öðrum réttindum sem byggja á veiðireynslu sem áunnist hefur fyrir afhendingu skips og tilheyra seljanda skulu öll slikt réttindi falla til seljanda, en kaupanda að rétttri tiltölu vegna slískrar reynslu sem kann að koma til í hans til. Við áritun á samning þennan samþykktu aðilar og heimila jafnframt, nú og síðar, tilfærslu á viðmiðun afclareynslu skv. ofangreindu.

Seljandi ábyrgist að engar sjóveðkröfur hvill á skipi. Skipið er afhent án veðbanda. Kaupandi tekur nýtt lán skv. greiðslutilhögun C1). Því láni er ráðstafað í samræmi við skilyrt veðleyfi seljanda í beinu framhaldi af kaupsamningi, þinglýsingu skjala og afgreiðslu banka á útborgun láns.

Skipið er afhent á Ólafsvík í því ástandi sem það var í við skoðun að hálfu kaupanda.

Kaupandi mun við kaupsaming verða félag að hluta til eða að öllu leiti í eigu tilboðsgjafa. Tilboðsgjafi er jafn bundinn þrátt fyrir það og þar með skuldbundinn til að standa við samning hafi allir neðangr. fyrirvarar verið uppfylltir.

Neðangreindur fyrirvari skal ganga eftir en að öðrum kosti teljast aðilar óbundnr:

a) Forkaupsréttur sveitarfélags: Yfirlýsing sveitarfélags um að það nýti sér ekki forkaupsrétt sinn að skipinu, skv. 12. grein laga nr. 116/2006, skal liggja fyrir innan 15 virkra daga frá samþykki kauptilboðs.

b) Nánari skoðun kaupanda á skipi innan 3ja virkra daga og samþykki hans á því í beinu framhaldi.

c) Staðfest samþykki lánastofnunar á fjármögnun skv. greiðslutilhögun C1) skal liggja fyrir innan 5 virkra daga frá samþykki kauptilboðs.

Kaupverð fyrir skip	Kaupverð fyrir annað	Heildar kaupverð	Greiðslutilh. A)	Greiðslutilh. B)	Greiðslutilh. C)
12.000.000	-	12.000.000	3.600.000	-	8.400.000

Heildar kaupverð í bókstöfum	Söluvísit dags.	Afhending dags.	Afsal (éætlað)	Veðbók dags.
Tólfmilljónir 00/100	23.4.2021	6.5.2021	13.5.2021	23.4.2021

Greiðslutilhögun A) - elgloð fé:

1. Við kaupsamning greitt með peningum ÍSK 3.600.000

Greiðslutilhögun B) - éhvílandi lán:

Engin lán yfirtekin

Greiðslutilhögun C) - ný lán/skuldbréf:

1. Nýtt lán frá fjármálastofnun gegn skilyrtu veðleyfi seljanda ÍSK 8.400.000

Liðir

- Um kaupin og réttarsamband aðila gilda íslensk lög. Þá sérstaklega lög nr. 40/2002 um fasteignakaup, lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða að því leyti sem við á og ekki er samið um frávirk i einstökum atriðum.
- Sé ekki um annað samið eða það augljóst skal eignin standast þær kröfur sem leiðir af lögum um fasteignakaup og kaupsamningi.
- Notað skip telst ekki gallað nema ágallinn rýri verðmæti þess svo nokkuð varði eða seljandi hefur sýnt af sér saknæma háttsemi.
- Sé ekki um annað samið skal skip hafa þann búnað eða réttindi sem var fyrir hendi við skoðun og/eða á að fylgja skv. lögum, kaupsamningi, öðrum gögnum eða venju. Er þá m.a. átt við vélbúnað, tæki og annan búnað eins og hann er tilgreindur í samningi þessum og kaupandi hefur kynnt sér með ítarlegri skoðun og/eða öðrum þeim hætti sem hann telur fullnægjandi og sættir sig við að einu og öllu leyti. Kaupanda er kunnugt um þá áhættu (t.d í endingu) sem felst í því að kaupa notaðan búnað og tæki. Kaupanda er jafnframt kunnugt um þá áhættu sem hann tekur, skoði hann ekki það sem hann kaupir ítarlega fyrir kaupin.
- Sellandi skal aðfa kaunanda hær umhlíðasar um skín sem hann vissi ófá mátti vita um ne sem kaunandi haffli réttmáta áætlaði til hecc að ætla

6. Kaupanda er bent á aðgæsluskyldu sína og getur ekki borið fyrir sig neitt varðandi ástand og gæði skipsins sem hann þekkti eða átti að þekkja til þegar samningur var gerður. Hafi kaupandi skoðað skipið fyrir kaupin eða látið það undir höfuð leggiast þrátt fyrir áskoranir seljanda, getur hann ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði átt að sjá við sílka skoðun.
7. Seljandi ber ábyrgð á öllum kostnaði er varðar rekstur skipsins og alls annars kostnaðar fram að afhendingu hverju nafni sem hann nefnist og er ekkert þar undanskilið. Þannig að rekstrarkostnaður fram að afhendingu er á ábyrgð seljanda og þannig á sama hátt á ábyrgð kaupanda eftir afhendingu. I uppgjöri vegna yfirtökum áhvílandi lána er miðað við stöðu þeirra í skilum á afhendingardegi skips. Vextir á áhvílandi lánum og árleg skipagjöld skulu samningsaðilar gera upp miðað við afhendingardag og gera upp sín á milli við kaupsamning eða afsal.
8. Skermmdir sem verða á hinu selda fyrir afhendingu, en eftir að skipið er sýnt eða kauptilboð gert, eða kaupsamningur, skal seljandi lagfæra á sinn kostnað. Seljandi skuldbindur sig til að hafa í gildi fullnaegjandi tryggingar á hinu selda fram að afhendingu.
9. Híð selda skip skal vera laust til afnota fyrir kaupanda á þeim tíma, sem að framan greinir. Fyrir afhendingu skips, skal kaupandi svo fljótt sem verða má, skoða skipið á þann hátt sem venja er. Sínni kaupandi ekki þessari skyldu sinni, getur hann glatað rétti, sem hann ella hefði haft til þess að hafa uppi kröfur vegna galla. Hafi kaupandi einhver umkvörtunarefni fram að færa vegna ástands hins selda eftir afhendingu, skal hann strax beina umkvörtun sinni skriflega til seljanda og senda skipasölnni afrit.
10. Kaupandi yfirtekur enga samninga við áhöfn skipsins, hvort heldur þeir eru munnelegir eða skriflegir. Kaupandi getur eftir atvikum ráðið til sín númerandi starfsmenn, en þá skoðast það sem ráðning til annars fyrirtækis.
11. Nú hefur kaupandi uppi réttmæta kröfu vegna galla og getur hann þá á eigin áhaetu haldið eftir svo miklum hluta kaupverðs sem nægir til að tryggja greiðslu hennar. Hvílir á honum sönnunarþyrðin um sönnun galla og að hann sé á ábyrgð seljanda og einnig um fjárhæð gallakröfu. Þegar kaupandi heldur eftir hiuta kaupverðs sbr. framanritað skal hann gæta þess að ganga ekki lengra en nauðsyn krefur til að tryggja réttmæta hagsmuni sína.
12. Vextir reiknast ekki á greiðslur skv. greiðslutilhögun A) sem greiðast á umsöndum degi en dráttarvextir reiknast við greiðsludrátt.
13. Allar breytingar eða viðbaetur við samning þennan skulu gerðar skriflega og undirritaðar af báðum samningsaðilum.
14. Kaupandi greiðir allan kostnað og umsýlu vegna þinglysingar og stimplunar af kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum sem er söluna varðar.
15. Að öðru leyti en því sem í samningi þessum greinir er skipið selt án kvaða og veðbanda. Hvíli frekari kvaðir eða veð á skipi ber seljandi ábyrgð á þeim og ber skilda að aflíetta þeim.
16. Þegar kaupandi hefur efnt skyldur sínar samkvæmt samningi þessum á hann rétt á afsali fyrir skipinu úr hendi seljanda.
17. Aðilum er skylt að virða hagsmuni hvors annars og sýna hvor öðrum sanngirni, trúnað og tillitsemi við efndir og framkvæmd samningsins. Komi hindrun í veg fyrir réttar efndir eða einhver önnur þau atvik sem varða hagsmuni gagnaðila skal viðsemjandi upplýsa hann og skipasala þar um.
18. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að leitast við að fremsta megni að leysa ágreining sem kann að rísa vegna samnings þessa, þannig að niðurstaða geti talist ásættanleg fyrir báða aðila.
19. Reynast sættir árangurslausar, má leggja ágreining til órlausnar fyrir varnarþingi seljanda eða á sama hátt á varnarþingi þess sem stefnt er.
20. Samningur þessi og hugsanlegir viðaukar við hann mynda samningssamband kaupanda og seljanda og útrýma öllum fyrri yfirlýsingum aðila, munnlegum og eða skriflegum sem ekki samrýmast efnihans. Kaupsamningurinn og mögulegir viðaukar hans öðlast gildi við undirskrift.

Gildistími kauptilboðs og ætlaður kostnaður hjá sýslumanni:

Ætlaður kostnaður hjá sýslumanni sem kaupandi greiðir, samtals kr. 12.500
þar af stimpilgjald, kr. 0

Kauptilboð þetta er bindandi og gildir til kl. 16.00 þann 24.4.2021 og telst löglega samþykkt með vottaðri áritun fyrir þann tíma.

HVECA GER ÞI 23.04.2021

Staður og dagsetning

Vigni Demusson
F.h. kaupanda, F.h. óstofnaðs hlutafélags, Vignir
Demusson

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði,

Gisli Þorvaldsson 180794-2639
Nafn Kennitala
Jóni Þorvald 040569-4219
Nafn Kennitala

Reykjavík 23.4.2021
Staður og dagsetning

Johannes Johannesson
F.h. seljanda, Ingibjörg ehf.

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði,

Guðjón Guðmundsson
Kt. 141270-4279
Löggilturfasteigna-, fyrirtækja-
og skipasímsfála
Nafn Kennitala

G. Guðm.



Yfirlýsing um að nýta ekki forkaupsrétt á skipi

Úr lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, 12. grein, 3. mgr: Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Í 5. mgr. sömu greinar kemur einnig fram: Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

Fyrir liggur kauptilboð í neðangreint skip. Þar sem um þilskip (dekkáð skip) er að ræða og verið er að selja skip milli sveitarfélaga á neðangreint sveitarfélag forkaupsrétt á skipinu:

Nafn skips og umd.nr. Nr.skips	Heimahöfn Þyngd Lengd		
Ingibjörg SH174 2624 Rif 4,11 br.tonn 7,27 met.			
Notkunartegund Smíðastöð Smíðaár Efni skips			
Fiskiskip Bátasmiðja Guðmundar Eh 2004 Trefjaplast			
Eigandi skips Kennitala eiganda Heimilisfang Staður	Eignarhlutfall		
Ingibjörg ehf. 590602-3960 Grundarbraut 22 355 Ólafsvík	100,0 %		
Kaupandi Kennitala Heimili Staður	Eignarhlutfall		
F.h. óstofnaðs hlutafélags, Vignir Demusson 210860-2909 Hjallabrun 17 810 Hveragerði	100,0 %		
Kauptilboð í skip	Söluyfirlit dags.	Áætl.afhending dags.	Áætl.kaupsamn.dags.
12.000.000	23.4.2021	6.5.2021	6.5.2021
Aflaheimildir:			
Skipið selst án aflahlutdeilda, án aflamarks og án veiðiheimilda hverju nafni sem þær nefnast. Skipið er án grásleppuleyfis. Seljandi mun flytja aflahlutdeild, viðmið aflareynslu á makríl og aflamark af skipi yfir á annað skip fyrir afsal.			
Aðrir skilmálar kauptilboðs:			
Kaupverð er greitt með peningum við kaupsamning og afhendingu. Aðilar hafa gert með sér samkomulag skv.ofangreindu og gert ráð fyrir að ganga frá kaupsamningi og afsali innan 2ja vikna.			

Neðangreindri sveitarstjórn er hér með boðinn forkaupsréttur á skipinu. Sé það vilji sveitastjórnar að nýta sér þann rétt sinn er óskað eftir því að neðangreindur skipasali sé láttinn vita sem fyrst í síma 562 2551 eða á tölvupóstfang gudjon@batarogbunadur.is. Að öðrum kosti er óskað eftir því að sveitarstjórn áriti sem fyrst þetta skjal um að það nýti sér ekki forkaupsrétt sinn á skipinu, og sendi rafrænt á sama tölvupóstfang og frumrit á: Pósthólf 9017, 109 Reykjavík.

Neðangreind sveitarstjórn, og jafnframt forkaupsréttarhafi á ofangreindu skipi, afsalar sér hér með forkaupsrétti á skipinu.

Staður og dagsetning,

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði,

Nafn	Kennitala
------	-----------

F.h. Sveitastjórnar,
Snæfellsbær, kt. 510694-2449, Klettsbúð 4, 360
Hellissandur

Nafn	Kennitala
------	-----------

Samkomulag um breytingu á samningi

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), kt. 650309-0220, Vínlandsleið 16, Reykjavík, og Jaðars, kt. 510694-2449, Ólafsvík, um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins að Hjarðartúni 3a, dags. 20. desember 2019.

Um hjúkrunarrýmafjölda samkvæmt 3. mgr. 6. gr. samningsins gildir:

Frá og með 1. apríl 2021 tekur samningurinn til þjónustu í 4 dvalarrýmum og 15 hjúkrunarrýmum, þar af er greitt sérstakt álag á daggjald fyrir 0 hjúkrunarrými.

Reykjavík, 26. mars 2021

Samkomulag þetta er undirritað með rafrænum hætti

Undirritunarsiða

F.h. Sjúkratrygginga Íslands
Guðlaug Björnsdóttir



Undirritað af:
Guðlaug Björnsdóttir
2009587569
Dags: 06.04.2021
Tími: 15:54:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cf29c931-a9b0-4116-a08a-559dd4630239

F.h. Jaðars
Lilja Ólafardóttir



Undirritað af:
Lilja Ólafardóttir
1402695739
Dags: 06.04.2021
Tími: 13:41:24
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cf29c931-a9b0-4116-a08a-559dd4630239

F.h. Sjúkratrygginga Íslands
Ingibjörg Kr Þorsteinsdóttir



Undirritað af:
Ingibjörg Kr
Þorsteinsdóttir
1408625179
Dags: 06.04.2021
Tími: 17:13:21
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: cf29c931-a9b0-4116-a08a-559dd4630239



Til allra sveitarstjórnar

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 13. apríl 2021
Tilv.: SRN21010106/4.11.3

Með bréfi til allra sveitarfélaga sl. vor var óskað eftir upplýsingum um fjármál einstakra sveitarfélaga í því skyni að fá sem besta mynd af fjárhagslegri stöðu þeirra og í framhaldinu fylgjast náið með framvindunni. Ljóst er að sveitarfélögini voru og eru misjafnilega í stakk búin til að takast á við þær óvæntu en tímabundnu aðstæður sem þau og samfélagið allt gengur í gegnum en upplýsingar um fjármálin hverju sinni veita góða yfirsýn yfir stöðuna og hjálpa til við að meta hugsanlegar mótvægisáðgerðir.


Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, forsetisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga stóðu fyrir nánu samráði um fjármál sveitarfélaga á síðasta ári og var m.a. skipaður starfshópur til að afla upplýsinga og meta þróunina. Skýrsla hópsins sem kom út í lok ágúst sl. benti til þess að heimsfaraldurinn hefði veruleg áhrif á fjármál sveitarfélaga en með aðgerðum og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál var sveitarfélögunum veittur fjárhagslegur stuðningur, sem auk fjölda aðgerða ríkisstjórnarinnar til varnar, verndunar og viðspyrnu fyrir íslenskt samfélag, leiddi til þess að afkoma þeirra á síðasta ári var mun betri en gert var ráð fyrir á fyrri hluta árs.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var því jafnframt lýst yfir að áfram yrði fylgst með þróuninni í fjármálum sveitarfélaga í góðri samvinnu við þau og brugðist yrði við hverju sinni til að tryggja að sveitarfélögini gætu sinnt þeirri mikilvægu nær þjónustu sem þeim er falið að sinna lögum samkvæmt. Ríkisstjórnin myndi áfram standa að baki sveitarfélögum eins og frekast er unnt svo að starfsemi þeirra raskist ekki um of á komandi mánuðum og misserum.

Til að unnt sé að leggja mat á þróunina mun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kalla eftir upplýsingum um stöðu fjármálanna á yfirstandandi ári. Meðal þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi eru fjárhagsáætlanir með viðaukum sem gerðir hafa verið á árinu. Mikilvægt er að umbeðnar upplýsingar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. júní nk.

Ég legg áherslu á gott og náið samráð ríkis og sveitarfélaga um þessi málefni sem önnur og mun tryggja að svo verði áfram. Grundvöllur þess er meðal annars að fyrir liggi haldgóðar upplýsingar sem nýtast við stefnumótun og ákvarðanatöku.

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



A handwritten signature in black ink, appearing to read "S. Ing. J. Johannsson".

Sigurður Ingi Johannsson



Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi I 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 28. apríl 2021
Tilv.: UMH21040089/2.2


Breiðafjarðarnefnd hefur það hlutverk að vera umhverfis- og auðlindaráðherra til ráðgjafar um það sem lýtur að framkvæmd laga nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar. Í nefndinni eiga sæti sjö fulltrúar, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna sameiginlega fjóra fulltrúa, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af Minjastofnun Íslands. Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varafulltrúar skulu skipaðir með sama hætti.

Skipan núverandi nefndar rennur út 9. júní nk. Er þess hér með óskað að sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefni sameiginlega fjóra aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til setu í Breiðafjarðarnefnd. Óskast tilnefningar sendar á netfangið uar@uar.is ásamt kennitölu, starfstitli, netfangi og heimilisfangi viðkomandi fyrir 18. maí nk.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Um þóknun fyrir störf í nefndinni fer samkvæmt ákvörðun þóknananefndar fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Fyrir hönd ráðherra


Sigríður Auður Arnardóttir

Samrit: Dalabyggð, Grundarfjarðarbær, Helgafelssveit, Reykhólahreppur, Stykkishólmsbær og Vesturbýggð

Reglur um skólaakstur í dreifbýli á skólasvæði Grunnskóla Snæfellsbæjar

1. gr.

Gildissvið og orðskýringar

Reglur þessar eru settar með vísan til 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009 með síðari breytingum. Þær taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og grunnskóla í dreifbýli.

Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla innan skólahverfis. Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili nemanda eða annar staður þar sem nemandi hefur fasta búsetu.

2. gr.

Ábyrgð

Snæfellsbær ber kostnað og ábyrgð á öryggi og velferð nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

3. gr.

Fyrirkomulag skólaaksturs

Daglegur skólaakstur er skipulagður samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjóri vinnur í samráði við deildarstjóra í samræmi við nemendafjölda, kennsluskipan og aðrar þær þarfir nemenda fyrir akstur sem þarf að uppfylla. Skólastjóri leggur fram áætlun um skólaakstur við upphaf hvers skólaárs þar sem fram koma upplýsingar um fjölda farþeiga, akstursleiðir, tímasetningar og fjölda akstursdaga á skólaárinu. Áætlunina skal leggja fram til samþykktar í fræðslunefnd Snæfellsbæjar. Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkuun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur. Áætlunina skal kynna skólaráði grunnskólans sbr. 8. gr. laga nr. 91/2008 og skal hún vera aðgengileg íbúum á heimasíðu grunnskólans.

4. gr.

Öryggi og búnaður skólabifreiðar

Bifreið, sem notuð er í skólaakstri, skal uppfylla skilyrði til fólksflutninga samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþeiga, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma. Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal vera fjarskiptabúnaður.

Bifreiðastjóri leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrilliggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Tilkynna ber um slíkar breytingar án tafar til skólans.

5. gr.

Um skipulag skólaaksturs

Snæfellsbær skipuleggur skólaakstur í dreifbýli þar sem nemendur eiga heimili og útvegar viðeigandi akstursþjónustu. Ekki er greitt fyrir skólaakstur þeirra barna sem hafa heimili innan við 1,5 km frá skóla. Greiðslur fyrir skólaakstur frá heimili að sérleiðum hefjast eftir 1,5 km frá heimili. Eftir því sem við á fylgja foreldrar/forsjármenn börnum sínum að bíl og taka á móti þeim eftir skóla.

Greitt er fyrir ekna kílómetra og hefst hver akstursleið þegar fyrsti nemandi kemur í bifreiðina og lýkur þegar síðasti nemandi fer úr bifreiðinni. Ekki er greitt fyrir annan akstur bílstjóra, s.s. að og frá heimili.

Skólaakstur fellur niður þegar skóli starfar ekki og koma þá engar greiðslur fyrir þann tíma. Bifreiðastjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er. Skólastjóri eða deildarstjóri tilkynnir bifreiðastjóra um frávik frá venjubundinni ferðatilhögum og/eða tímasetningu jafnskjótt og slíkar ákvárdanir liggja fyrir. Foreldrar/forsjármenn skulu láta bifreiðastjóra vita eins fljótt og hægt er ef þeir meta það svo að þeir vilji ekki senda börnin af stað vegna veðurs, frís eða forfalla.

Ekki er heimilt að taka aðra farþega í bílinn en grunnskólanemendur nema með sérstöku samþykki skólastjóra.

6. gr.

Bifreiðastjóri

Snæfellsbær semur við þar til bæran verktaka um framkvæmd skólaaksturs. Skólastjóri er yfirmaður bifreiðastjóra að því leyti sem það varðar daglegt fyrirkomulag aksturs og umsjón nemenda í skólaakstri. Bifreiðastjóri skólabifreiða skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs sem hlutið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII, kafla almennra hegningarlaga. Við gerð samnings um akstur skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008.

Bifreiðastjórar/verktakar skulu sýna trúnað um öll mál er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og snerta einstaka nemendur, foreldra þeirra eða aðstandendur. Komi upp vandamál í skólabíl svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra og/eða foreldra.

7. gr.

Öryggi farþega

Bifreiðastjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og hann skal ekki leggja af stað fyrr en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt. Bifreiðastjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt út úr skólabifreið. Bifreiðastjóri getur tekið ákvörðun um að aka ekki ef aðstæður eru með þeim hætti, t.d. vegna veðráttru eða ófærðar, að breyta þurfí út frá fyrirliggjandi áætlun um daglegan skólaakstur og skal skólastjórnendum tilkynntu um slíka ákvörðun jafnskjótt og hún liggur fyrir.

Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. laga um grunnskóla.

8. gr.

Um meðferð ágreiningsmála

Telji foreldrar einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur það leitað leiðréttigar hjá skólastjóra, fræðslunefnd eða bæjarstjóra. Áskilinn er réttur verksala til að rifta samningi verði bifreiðastjóri uppvís að brotum á samningum eða reglum þessum.

Að öðru leyti vísast í reglur Mennta- og menningarmálaráðuneytis um skólaasktur nr. 656/2009.